

**Ed.**

### **84. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

Aftan við c-lið 6. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málslíður, svo hljóðandi: Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Mál þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, Ásmundur Sigurðsson, var ekki viðstaddur, er málið var tekið til flutnings.

Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Með lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var felldur niður c-liður 2. gr. laga nr. 9 5. maí 1941. Var sú niðurfelling gerð í því skyni að rýmka ráðstöfunarrétt hlutafélaga yfir varasjóðum sínum. Þess var þó ekki gætt, að í 2. másl. c-liðar laganna frá 1941 voru undanskilin ráðstöfunartakmörkunum opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, og féll því sú undanþága niður með c-lið 2. gr. laganna frá 1941. Er því samkvæmt núgildandi skattalögum hlutafélagi, sem á í varasjóði, ekki heimilt að kaupa slík bréf, nema refsiskattgreiðslur komi til.

Með því að óeðlilegt virðist, að slíkar takmarkanir gildi um kaup opinberra verðbréfa, er frumvarp þetta borið fram.“